

Alþingi
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

10. mars 2003

**Varðar bréf Alþingis, dagsett 25. febrúar 2003.
Sent til umsagnar tillaga til þingsályktunar um
stórframkvæmdir í vegamálum á höfuðborgar-
svæðinu, 208 mál.**

Umferðarstofa hefur skoðað þingsályktunartillöguna og greinargerðina með tillögunni.

Hlutverk Umferðarstofu lögum samkvæmt er meðal annars að styðja aðgerðir sem stuðlað geta að bættu umferðaröryggi. Í því sambandi skal eftirfarandi tekið fram.

Það eru þrjú þættir sem skipta mestu máli fyrir öryggið í umferðinni, ökumaðurinn, ökutækið og vegurinn.

Ökumaðurinn hittir í umferðinni sjálfan sig fyrir og aðra vegfarendur. Þeir ráða mestu um það hvort þeir komast klakklaust leiðar sinnar. Þeir þurfa að sýna árvekni, gætni og kunnáttu og umfram allt tillitssemi.

Bílnir verða æ fullkomnari og öruggari en um leið öflugri og hraðskreiðari en áður.

Hvort sem mönnum líkar betur eða verr hafa íbúar höfuðborgarsvæðisins valið einkabílinn sem aðalsamgöngutækið. Valið gæti breyst en hér er ekki gert ráð fyrir að svo verði fyrst um sinn.

Það er mikil umferð á höfuðborgarsvæðinu, þar er hættulegt að aka. Slysum og töfum í umferðinni fylgir bölg og mikill kostnaður fyrir einstaklinginn og samfélagið. Greið umferð dregur úr slysum og því mikla tjóni sem af þeim leiðir, líkmstjóni og eignatjóni.

Ríki og sveitarfélög á svæðinu sjá um að skipuleggja og byggja vegi og brýr. Þau hafa við það að glíma að umferðin eykst ört og þéttbýlið dreifist meira en víða er í borgum. Þau verða að hafa í huga að umferðarmeningin er á heldur lágu stigi,



vegfarendum liggur á og margir þeirra líta á umferðarreglurnar, einkum reglur um hámarkshraða, sem lauslega viðmiðun.

Yfirvöldum er nauðsynlegt að hafa glögga mynd af umferðinni nú og í framtíðinni til þess að þeim sé kleift að meta hvar skórin kreppir, hvar þarf að ráðast í framkvæmdir og hvað það kostar.

Það er óumdeilt að greiðar samgöngur og hagkvæmt skipulag umferðar stuðlar mjög að því að auka öryggið í umferðinni, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem annars staðar.

Þess vegna er samþykkt þingsályktunartillögunnar þörf ráðstöfun.

Virðingarfyllst,

William Thomas Möller